

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi.

Breytt deiliskipulag Flatahverfis, klasi 1 og 2, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 25. febrúar 2003, var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 1 og 2, Akranesi.

Breytingin felst í að sett hefur verið lóð fyrir smádreifistöð Orkuveitu Reykjavíkur við gangstíg í norðausturjaðri skipulagssvæðisins, á móts við gatnamót Bresafatar og Eyrarflatar. Gangstétt norðaustan lóðarinnar nr. 7 við Brekkuföt hefur verið felld niður og lóðin stækkuð um 2 m til norðausturs. Lóðamörk Steinsstaða til suðvesturs hafa verið leiðrétt.

Deiliskipulagsbreytingin var afgreidd samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Framangreind deiliskipulagsbreyting tekur þegar gildi.

Akranes, 17. mars 2003.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.